



Dagsetning: 06.04.2018
Málsnúmer: 1804038/0.0

Til stjórnar um undirbúning að sameiningu sveitarfélaganna

MINNISBLAÐ

um undirbúning sameiningar Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps

Eftirfarandi tillögur um undirbúning sameiningar sveitarfélaganna Fjarðabyggðar og Breiðdalshrepps eru lagðar til vegna auglýsingar um sameiningu.

Innskot ráðuneytis í auglýsingu. (Með vísan til 124. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 138/2011, tilkynnir ráðuneytið að það hefur í dag staðfest sameiningu Breiðdalshrepps og Fjarðabyggðar, í umdæmi Sýslumannsins á Austurlandi, í eitt sveitarfélag.)

Kjósa skal nú fulltrúa í sveitarstjórn hins sameinaða sveitarfélags við almennar sveitarstjórnarkosningar sem fram fara 26. maí 2018.

Nýkjörin sveitarstjórn tekur við stjórn hins sameinaða sveitarfélags 10. júní 2018 og á sama tíma tekur sameiningin gildi.

Samþykkt um stjórn Fjarðabyggðar og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 567/2013 með síðari breytingum mun gilda fyrir hið nýja sveitarfélag þar til því hefur verið sett sérstök samþykkt. Heiti hins sameinaða sveitarfélags er Fjarðabyggð.

Íbúar beggja sveitarfélaganna skulu vera þegnar hins sameinaða sveitarfélags.

Hið sameinaða sveitarfélag skal taka yfir allt það land sem nú tilheyrir sveitarfélögunum tveimur. Eignir, skuldir, réttindi og skyldur sem tilheyra sveitarfélögunum skulu falla til hins sameinaða sveitarfélags. Skjöl og bókhaldsgögn beggja sveitarfélaga skulu afhent hinu sameinaða sveitarfélagi til varðveislu.

Sveitarstjórnir sveitarfélaganna tveggja kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara. Undirkjörstjórnir þær sem kosnar voru í upphafi yfirstandandi kjörtímabils skv. 14. gr. laga um kosningar til sveitarstjórna, nr. 5/1998, skulu vera undirkjörstjórnir við kosningarnar, nema annað verði ákveðið.

Verkefni stjórnar til undirbúnings sameiningar sveitarfélaganna eru að öðru leyti ákveðin í erindisbréfi stjórnar sem sveitarfélögin hvort um sig hafa sett og eru í framkvæmdaferli.


Gunnar Jónsson
Bæjarritari